

1855.
29. maí.

21. Brjef dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður og austuramtinu um lækningar „homöopatha“.

Með brjefi herra amtm. 29. janúar næstliðinn hefur stjórnin fengið brjef frá eiganda lyfjabúðarinnar á Akureyri, O. Thorarensen, þar sem hann kvartar yfir því, að lækniaðferð homöopatha breiðist út, og að sala á meðölum þeirra lækna aukist að sama skapi, og hafi þetta spillt svo mjög fyrir meðalasölu hans, að hann neyðist til að hætta lyfjasölu nema bönnuð sje sala á meðölum homöopatha, og hafið þjer meðal annars gjört þá athugasemd, að þó að menn, sem ekki hafa rjett til að gegna lækna störfum, fáist við þessa lækniaðferð, mundu þeir þó ekki verða sakfelldir fremur en aðrir skottulæknar, þó að mál væri höfðað móti þeim, nema sannað yrði, að þeir hefðu borið sig stórlega rangt að; en lækniaðferð þeirra mundi miklu fremur aukast og út breiðast í landinu.

Á þessa skoðun herra amtm. verður stjórnin að fallast, og þykir því ekki ástæða til að gjöra neitt í þessu efni, en hún verður þó að biðja herra amtm. að hafa gætur á, hvort ekki beri við, þegar lækniaðferð þessi er við höfð, að lífi og heilsu manna sje hætta búin, og ef svo er, að hlutast þannig til sem þörf er á, eptir því sem á stendur, og vonar stjórnin einnig eptir skýrslu um þetta mál.

31. maí. **22. Öpið brjef, er lögleiðir á Íslandi lög 30. júní 1850 um ávísanir embættislauna og þess konar, sem og um borgun slíkra launa fyrir fram¹.**

Vjer Friðrik hinn Sjöundi, o. s. frv. gjörum kunnugt: Eptir að Vjer höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis, um að gjöra gildandi á Íslandi lög 30. júní 1850 um ávísanir embættislauna og þess konar, sem og um borgun slíkra launa fyrir fram, bjóðum Vjer og skipum fyrir á þessa leið:

¹) sbr. tvö lagaboðin þjer næst á eptir. — Alþingistið. 1853, bls. 1037; Alþingistið. 1855, Viðbæt. bls. 81—82.